

USK Skipulag

Frá: Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA <uua@uua.is>
Sent: þriðjudagur, 9. mars 2021 14:18
Til: USK Skipulag
Afrit: Glóey Helgudóttir Finnsdóttir; Harri Ormarsson; Erna Hrönn Geirsdóttir; Björgvin Rafn Sigurðarson
Efni: Tilkynning um kæru 28/2021, stjórnvald.
Viðhengi: 9.3.2021 - - Kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála - Einar Ólafsson - In (GoPro Self Service).pdf; 9.3.2021 - - Dunhagi 18-20 - Byggingarleyfi f. BN058637 - Einar Ólafsson - In (GoPro Self Service).pdf

Góðan dag.

Efni. Tilkynning um kæru.

Meðfylgjandi er afrit stjórnslukæru, móttekin 9. mars 2021 ásamt fylgiskjali, þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar um útgáfu á byggingarleyfi fyrir Dunhaga 18-20 þann 8. mars 2021. Vegna framkominnar stöðvunarkröfu er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða fyrir 17. mars nk. og er stjórnvaldi gefinn kostur á að tjá sig um kröfuna til sama tíma. Frestur til að gera athugasemdir vegna kærunnar að öðru leyti er 30 dagar frá dagsetningu þessarar tilkynningar, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Óskast staðfest um móttöku.

Með kveðju,
f.h. nefndarinnar

Ólöf Harðardóttir, skrifstofumaður
Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 5758710
www.uua.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður
Please consider the environment before printing

KÆRA TIL ÚRSKURÐARNEFNDAR UMHVRFIS- OG AUÐLINDAMÁLA

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála /
9.3.2021 10:50



1. Kærandi/kærendur

Ef kærendur eru fleiri en einn skal skrá þá aðila hér með happnum Bæta við kæranda

| | |
|--------------|----------------------|
| Fullt nafn | Einar Ólafsson |
| Kennitala | ██████████ |
| Heimilisfang | Tómasarhagi 32 |
| Póstnúmer | 107 |
| Staður | Island |
| Sími | ██████████ |
| Netfang | ████████████████████ |

Ef um umhverfisverndarsamtök, útivistarsamtök eða hagsmunasamtök er að ræða þarf einnig að skila inn eftirtöldu, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Upplýsingum um félagafjölda. Samþykktum félagsins. Nýjustu ársskýrslu. Staðfestingu á því að um endurskoðað bókhald sé að ræða, t.d. með árituðum ársreikningi.

2. Umboðsmaður kæranda/kærenda ef við á

| | |
|--------------|--|
| Fullt nafn | |
| Kennitala | |
| Heimilisfang | |
| Póstnúmer | |
| Sími | |
| Netfang | |
| Umboð | |

3. Kæruefni

Hér skal tilgreina hvaða ákvörðun, athafnaleysi, brot á þátttökurétti almennings eða önnur afgangsla stjórnvalds er kærð. Upplýsa skal hvaða stjórnvald tók hina kærðu ákvörðun og hvenær ákvörðunin var tekin.

Efni kærunnar

Krafa um að framkvæmdir á grundvelli byggingarleyfis fyrir Dunhaga 18-20, gefnu út 8. mars 2021, verði stöðvaðar á meðan Úrskurðarnefnd er með kærsmål 8/2021 til meðferðar.

Rökstuðningur okkar kemur fram í máli 8/2021.

Nú hefur Reykjavíkurborg gefið út formlegt byggingarleyfi og eru framkvæmdir þegar í gangi við Dunhaga 18-20.

| | |
|---|--------------------------------------|
| Stjórnvald sem tók hina kærðu ákvörðun | Byggingarfulltrúi Reykjavíkurborgar. |
| Dagsetning ákvörðunar | 08.03.2021 |
| Kæruheimild (ef þær upplýsingar eru til staðar) | Sjá mál 8/2021 |

4. Kröfugerð (hvers krefst kærandi?)

Sem dæmi má nefna krafa um að ákvörðun verði felld úr gildi eða hluta, að viðkomandi stjórnvald aðhafist, að tiltekna framkvæmdir verði stöðvaðar eða að réttaráhrifum ákvörðunar verði frestað. Tekið skal fram að úrskurðarnefndin úrskurðar um lögmæti kærðrar ákvörðunar en tekur ekki nýja ákvörðun í málinu eða breytir ákvörðunum.

Krafa um að framkvæmdir á grundvelli byggingarleyfis fyrir Dunhaga 18-20, gefnu út 8. mars 2021, verði stöðvaðar á meðan Úrskurðarnefnd er með kærsmål 8/2021 til meðferðar.

5. Hagsmunir kæranda/kærenda

Hvaða áhrif hefur hin kærða ákvörðun á hagsmuni kæranda/kærenda?

Sjá mál 8/2021

6. Kærufrestur

Hvenær (og hvernig) vissi kærandi/kærendur af hinni kærðu ákvörðun

8. mars 2021

7. Rökstuðningur fyrir kæru

Sjá mál 8/2021

8. Forsaga

Hefur málið áður verið kært til úrskurðarnefndarinnar eða annars stjórnvalds eða verið til meðferðar fyrir dómstólum eða hjá umboðsmanni Alþingis?

Já

Sjá mál 8/2021

9. Fylgiskjalalisti

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við fylgiskjalalistann.

| | |
|---------------|--|
| Lýsing skjals | Byggingarleyfi |
| Númer skjals: | 1 |
| Fylgiskjal | Dunhagi 18-20 - Byggingarleyfi f. BN058637.pdf |



Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Reykjavík 10. mars 2021.

Efni: Greinargerð Reykjavíkurborgar í málinu nr. 28/2021, kæra Einars Ólafssonar, Tómasarhaga 32, Reykjavík, dags. 9. mars 2021, þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa frá 12. janúar 2021 á að samþykkja leyfi til að byggja inndregna 4. hæð, byggja viðbyggingu við fyrstu hæð og kjallara, minnka og fjölga íbúðum úr 8 í 21, ýmsar breytingar eru gerðar innan- og utanhúss, sorp verslunar fært á norðvestur hlið hússins og komið fyrir 2 bílastæðum fyrir fatlaða á norðvestur hlið lóðar og skipulagi lóðar breytt, á lóð nr. 18-20 við Dunhaga. Í kæru er einnig krafist stöðvunar framkvæmda.

Með tölvupóstum dags. 9. mars sl. sendi úrskurðarnefndin Reykjavíkurborg framangreinda kæru. Í greinargerð þessari er viðhorfum Reykjavíkurborgar lýst til kæru.

Málavextir

Á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þann 12. janúar 2021 var samþykkt umsókn um leyfi til að byggja inndregna 4. hæð, byggja viðbyggingu við fyrstu hæð og kjallara, minnka og fjölga íbúðum úr 8 í 21, ýmsar breytingar eru gerðar innan- og utanhúss, sorp verslunar fært á norðvestur hlið hússins og komið fyrir 2 bílastæðum fyrir fatlaða á norðvestur hlið lóðar og skipulagi lóðar breytt, á lóð nr. 18-20 við Dunhaga.

Borgarráð staðfesti afgreiðslu byggingarfulltrúa á fundi sínum þann 28. janúar 2021 með samþykkt á b-hluta fundargerðar skipulags- og samgönguráðs frá 27. janúar 2021.

Byggingarleyfi var gefið út þann 8. mars 2021.

Kröfugerð

Reykjavíkurborg lítur svo á að kærandi krefjist þess að framangreint byggingarleyfi verði fellt úr gildi auk kröfu um stöðvun framkvæmda.

Reykjavíkurborg krefst þess að kröfum kæranda í málinu verði hafnað.

Málsástæður og lagarök

Varðandi kröfur, málsástæður og lagarök kæranda vísast til kæru, en kærandi hefur ekki fært nein rök fyrir því að byggingarleyfið sé haldið einhverjum þeim annmörkum er geti varðað ógildingu þess, en krafa kæranda er að framkvæmdir verði stöðvaðar á meðan kærumál úrskurðarnefndarinnar nr. 8/2021 er til meðferðar.

Álit Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg tekur ekki undir málatilbúnað kæranda þar sem samþykkt byggingarleyfi er í samræmi við gildandi deiliskipulag Dunhaga-Hjarðarhaga-Tómasarhaga sem samþykkt var í borgarráði þann 15. október 2020.





Í ljósi framangreinds og á grundvelli meginreglu 1. mgr. 29. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, um að kæra fresti ekki réttaráhrifum ákvörðunar, telur Reykjavíkurborg að hafna beri kröfu kæranda um stöðvun framkvæmda og fer fram á það við úrskurðarnefndina að kveðinn verði upp fullnaðarúrskurður í málinu. Jafnframt er ljóst að kjósi byggingarleyfishafi að halda framkvæmdum áfram áður en efnisúrskurður liggur fyrir, gerir hann það á eigin ábyrgð og áhættu.

Niðurstaða:

Í ljósi framangreinds hefur ekkert komið fram sem getur valdið ógildingum framangreinds byggingarleyfis og gerir Reykjavíkurborg þá kröfu sína að úrskurðarnefndin hafni öllum kröfum kæranda í málinu.

Taki nefndin til skoðunar aðrar málsástæður en fram koma í kæru og í umsögn þessari er þess óskað að borgaryfirvöldum verði gert kleift að tjá sig um þær áður en til úrskurðar í málinu kemur.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,

Harri Ormarsson, lögmaður

Árið 2021, þriðjudaginn 30. mars fundaði úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála í gegnum fjarfundabúnað. Mætt voru Nanna Magnadóttir forstöðumaður, Ásgeir Magnússon dómstjóri og Aðalheiður Jóhannsdóttir prófessor.

Fyrir var tekið mál nr. 28/2021, kæra á ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 8. mars 2021 um að gefa út byggingarleyfi fyrir framkvæmdum á lóðinni Dunhaga 18-20.

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

úrskurður:

Með kæru sem barst úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála 9. mars 2021 kærir Einar Ólafsson, Tómasarhaga 32, þá ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 8. mars 2021 að gefa út byggingarleyfi fyrir framkvæmdum á lóðinni Dunhaga 18-20. Skilja verður málatilbúnað kæranda svo að gerð sé krafa um að ákvörðunin verði felld úr gildi. Jafnframt er gerð krafa um að framkvæmdir verði stöðvaðar á meðan málið er til meðferðar fyrir úrskurðarnefndinni. Þykir málið nægilega upplýst til að það verði tekið til endanlegs úrskurðar og verður því ekki tekin afstaða til þeirrar kröfu kæranda.

Gögn málsins bárust úrskurðarnefndinni frá Reykjavíkurborg 10. mars 2021.

Málsatvik og rök: Á fundi borgarráðs Reykjavíkur 15. október 2020 var staðfest samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 7. s.m. um nýtt deiliskipulag fyrir reit sem afmarkast af Dunhaga 18-20, Hjarðarhaga 27-33 og Tómasarhaga 32-46. Auglýsing um deiliskipulagið birtist í B-deild Stjórnartíðinda 17. desember s.á. Á afgangslufundi byggingarfulltrúa 12. janúar 2021 var tekin fyrir og samþykkt umsókn um byggingaráform á lóðinni Dunhaga 18-20.

Með bréfi, dags. 17. janúar 2021, kærðu eigendur Tómasarhaga 32, þ. á m. kærandi þessa máls, framangreinda ákvörðun borgarráðs um samþykki deiliskipulags til úrskurðarnefndarinnar og gerðu kröfu um að framkvæmdir sem væru hafnar á grundvelli byggingarleyfis sem samþykkt hefði verið 12. janúar s.á. yrðu stöðvaðar eða réttaráhrifum deiliskipulagsins frestað. Er það mál nr. 8/2021.

Kærandi vísar til málatilbúnaðar síns í kærumáli nr. 8/2021 og tekur fram að hann telji deiliskipulag svæðisins ógilt. Geti þær röksemdir og sjónarmið sem færð séu fram í greindu máli ekki leitt til annars en að kröfugerð kæranda verði tekin til greina.

Af hálfu borgaryfirvalda er bent á að samþykkt byggingarleyfi sé í samræmi við gildandi deiliskipulag Dunhaga-Hjarðarhaga-Tómasarhaga, sem samþykkt hafi verið í borgarráði 15. október 2020.

Af hálfu leyfishafa kemur fram að allar þær framkvæmdir sem framkvæmdaraðili hafi ráðist í að Dunhaga 18-20 falli undir minniháttar framkvæmdir sem undanþegnar séu byggingarleyfi, sbr. gr. 2.3.5. í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Um sé að ræða niðurrif léttra inniveggja, auk

Þess sem verið sé að fjarlægja húsgögn, húsbúnað og gólfefni, málsetningar teknar að núverandi glugga- og hurðargötum o.s.frv.

Niðurstaða: Með bráðabirgðaúrskurði uppkveðnum 27. janúar 2021 í máli nr. 8/2021 synjaði úrskurðarnefndin kröfu um frestun réttaráhrifa deiliskipulags fyrir reit sem afmarkast af Dunhaga 18-20, Hjarðarhaga 27-33 og Tómasarhaga 32-46. Kom fram í úrskurðinum að rétt væri þó að benda á að byggingaráform hefðu verið samþykkt á grundvelli hins kærða deiliskipulags. Kæra málsins tók þó ekki til nefndra byggingaráforma en í úrskurðinum kom jafnframt fram að kysu kærundur að koma að kæru vegna þeirra gætu þeir gert kröfu að nýju um stöðvun framkvæmda. Kærufrestur vegna byggingaráforma, líkt og annarra ákvarðana, væri einn mánuður frá því að kærundum varð kunnugt eða mátti verða kunnugt um þau, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Svo sem fram kemur í málavaxtalýsingu var kæranda ljóst, þegar hann kom að kæru vegna deiliskipulags 17. janúar 2021, hvert væri efni þeirra umsókna sem samþykktar voru af byggingarfulltrúa 12. s.m. Samþykkt byggingarleyfisumsóknar er stjórnvaldsákvörðun sem kærð verður til úrskurðarnefndarinnar skv. 59. gr., sbr. og 11. gr., mannvirkjalaga nr. 160/2010, svo sem einnig kemur fram í bráðabirgðaúrskurði nefndarinnar uppkveðnum 27. janúar 2021 í kærumáli nr. 8/2021, sem kærandi er aðili að. Gat kærandi í kjölfar þess aflað sér samþykktu aðaluppháttu til að kynna sér nánar efni hinna kærðu ákvarðana.

Kæra málsins tiltekur að kært sé byggingarleyfi útgefið 8. mars 2021. Útgáfa byggingarleyfis veitir leyfishafa heimild til að hefja framkvæmdir í samræmi við þegar samþykktu umsókn þegar viðbótarskilyrði 13. gr. mannvirkjalaga eru uppfyllt, s.s. um frekari hönnunargögn og greiðslu gjalda. Útgáfa byggingarleyfanna ein og sér felur hins vegar ekki í sér kæránlega stjórnvaldsákvörðun, enda hefur efnisinnihald leyfanna þá þegar verið samþykkt af byggingarfulltrúa í samræmi við 11. gr. laganna. Í greindum bráðabirgðaúrskurði var leiðbeint um kærheimild og kærufrest vegna samþykktar nefndra byggingaráforma. Var úrskurðurinn sendur samdægurs umboðsmanni kæranda, sem jafnframt var einn þeirra, og úrskurðurinn birtur á heimasíðu nefndarinnar 28. janúar 2021. Verður með hliðsjón af öllu framangreindu að leggja til grundvallar að kæranda hafi í síðasta lagi 27. janúar 2021 mátt vera kunnugt um, í skilningi nefndrar 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011, að unnt væri að kæra samþykki byggingarleyfisumsóknar til úrskurðarnefndarinnar. Þegar kæra þessa máls barst 9. mars s.á., tæplega 6 vikum eftir að framangreindur bráðabirgðaúrskurður var kveðinn upp, var kærufrestur því liðinn fyrir um einni og hálfri viku.

Berist kæra að liðnum kærufresti skal vísa henni frá samkvæmt 1. mgr. 28. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, nema afsakanlegt verði talið að kæra hafi ekki borist fyrr eða veigamiklar ástæður mæli með því að kæra verði tekin til meðferðar. Tiltakið er í athugasemdum með 28. gr. í frumvarpi því sem varð að stjórnsýslulögum að við mat á því hvort skilyrði séu til að taka mál til meðferðar að loknum kærufresti þurfi að líta til þess hvort aðilar að málinu séu fleiri en einn og með andstæða hagsmuni. Sé svo sé rétt að taka mál einungis til kærumeðferðar að liðnum kærufresti í algjörum undantekningartilvikum. Skal og á það bent að í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 130/2011 er tekið fram í athugasemdum með 2. mgr. 4. gr. að kærufrestur til úrskurðarnefndarinnar sé styttri en almennur kærufrestur stjórnsýslulaga. Segir nánar að brýnt sé að ágreiningur um form eða efni ákvörðunar verði staðreyndur sem fyrst og áréttað í því samhengi að eftir því sem framkvæmdir séu komnar lengra áður en ágreiningur um þær verði ljós skapist meiri hætta á óafturkræfu tjóni af bæði umhverfislegum og fjárhagslegum toga. Sjónarmið um réttaröryggi og tillit til hagsmuna leyfishafa liggja því þarna að baki og hefur byggingarleyfishafi eðli máls samkvæmt ríkra hagsmuna að gæta í málinu.

Með hliðsjón af þeirri vitneskju kæranda sem áður hefur verið vísað til, sem og þeim sjónarmiðum sem að framan hafa verið rakin, verður hið kærða byggingarleyfi ekki tekið til efnismeðferðar að liðnum kærufresti á grundvelli undantekningaákvæða 28. gr. stjórnsýslulaga, heldur verður kærumáli þessu vísað frá úrskurðarnefndinni í samræmi við fyrirmæli ákvæðisins þar um.

Úrskurðarorð:

Kærumáli þessu er vísað frá nefndinni.

Nanna Magnadóttir (sign)

Ásgeir Magnússon (sign)

Aðalheiður Jóhannsdóttir (sign)

